

UNICEF á Íslandi, kt. 481203-2950, Laugavegi 176, 105 Reykjavík, hér eftir nefnt *UNICEF*;
Félagsmálaráðuneyti, kt. 521218-0610, Skógarhlíð 6; Sveitarfélagið Hornafjarðar, kt. 500166,
4639, Hafnarbraut 27, hér eftir nefnt Hornafjörður, hafa gert með sér eftirlitandi

samkomulag

Númer: 201911065	Mótt: 19.6.20
Samningamappa	Skjalag: Skjalastofn
Dags: 22.6.20	

Félagsmálaráðuneyti, UNICEF og Hornafjörður lýsa því yfir og eru sammála um að þau muni ganga til samstarfs um framkvæmd verkefnisins *barnvæn sveitarfélag*. Verkefnið felst í því að Hornafjörður innleiði Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna samkvæmt hugmyndafræði *barnvænna sveitarfélaga* sem UNICEF hefur þróað. Framkvæmd verkefnisins er í höndum Hornafjarðar með reglulegum og vel tilgreindum stuðningi Félagsmálaráðuneytis og UNICEF í formi fræðslu og ráðgjafar.


Að sveitarfélag innleiði Barnasáttmálann þýðir að það samþykki að nota sáttmálann sem viðmið í starfi sínu og að forsendur sáttmálans séu leiðarstef í starfsemi þess. Við innleiðinguna rýna starfsmenn og kjörmir fulltrúar ákvarðanatökufærli sveitarfélagsins með hliðsjón af Barnasáttmálanum, gera aðgerðaráætlun, koma í framkvæmd viðeigandi breytingum. Sáttmálinn er er þannig nýttur sem gæðastjórnunarverkfæri í stefnumótun og þjónustu með tilliti til barna.


Fyrirhugað er að innleiðingarferlið standi yfir í tvö ár, frá febrúar 2020-2022. Að loknum þeim tíma getur Hornafjörður hlotið, að uppfylltum forsendum verkefnisins, viðurkenningu frá UNICEF fyrir að vera *barnvænt sveitarfélag*. Viðurkenninguna þarf að endurnýja á þriggja ára fresti og er í höndum UNICEF á Íslandi. Við úttekt þarf sveitarfélagið að sýna fram á að innleiðingarvinnan hafi haldið áfram og að sveitarfélagið hafi uppfært aðgerðaáætlun sína fyrir innleiðingu Barnasáttmálans árlega samkvæmt hugmyndafræði *barnvænna sveitarfélaga*.


Greiðslur vegna fræðslu og ráðgjafar í tengslum við verkefnið eru greiddar af Félagsmálaráðuneyti gegnum samstarfssamning milli ráðuneytisins og UNICEF. Hornafjörður greiðir UNICEF hins vegar 500.000 kr skráningargjald við upphaf þessa samningstíma. Í viðauka við þennan samning er skilgreint hvað felst í fræðslu og ráðgjöf UNICEF við Hornafjörður á samningstímanum

Aðilar samkomulagsins lýsa með undirritun sinni yfir vilja sínum og ætlun um að viðhafa gott og náð samstarf með réttindi og velferð barna á Hornafirði að leiðarljósi. Ef upp kemur ágreiningur vegna samkomulags þessa skulu báðir aðilar reyna að leysa hann í sátt. Kjósi aðilar að fara með deiluna fyrir dómstóla skal málið rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Hornafirði, 19. júní 2020.

f.h. UNICEF

Birna Þórarinsdóttir

f.h. Félagsmálaráðuneytis

Ásmundur Einar Daðason

f.h. Hornafjarðar

Matthildur Ásmundsdóttir

Vottar:

Olaf Björnsson

Geir S. Björnsson

DP.
AED
MA